

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um þvingunaraðgerðir varðandi Afganistan, nr. 1100/2013, með síðari breytingum.

1. gr.

Þvingunaraðgerðir.

Eftirfarandi töluliðir bætast við 2. gr. reglugerðarinnar:

- 1.13 Framkvæmdarákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2019/285 frá 18. febrúar 2019 um framkvæmd ákvörðunar (SSUÖ) 2011/486 um þvingunaraðgerðir gegn tilteknum einstaklingum, hópum, fyrirtækjum og rekstrareiningum með tilliti til ástandsins í Afganistan, sbr. fylgiskjal 1.13.
- 1.14 Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2022/153 frá 3. febrúar 2022 um framkvæmd ákvörðunar (SSUÖ) 2011/486 um þvingunaraðgerðir gegn tilteknum einstaklingum, hópum, fyrirtækjum og rekstrareiningum með tilliti til ástandsins í Afganistan, sbr. fylgiskjal 1.14.
- 2.13 Framkvæmdarreglugerð ráðsins (ESB) 2019/279 frá 18. febrúar 2019 um breytingu á reglugerð ráðsins (ESB) nr. 753/2011 um þvingunaraðgerðir gegn tilteknum einstaklingum, hópum, fyrirtækjum og rekstrareiningum með tilliti til ástandsins í Afganistan, sbr. fylgiskjal 2.13.
- 2.14 Reglugerð ráðsins (ESB) 2022/148 frá 3. febrúar 2022 um breytingu á reglugerð ráðsins (ESB) nr. 753/2011 um þvingunaraðgerðir gegn tilteknum einstaklingum, hópum, fyrirtækjum og rekstrareiningum með tilliti til ástandsins í Afganistan, sbr. fylgiskjal 2.14.

2. gr.

Gildistaka o.fl.

Reglugerð þessi, sem er sett með heimild í 4. og 12. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða, nr. 93/2008, öðlast þegar gildi.

Utanríkisráðuneytinu, 16. desember 2022.

Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir.

Martín Eyjólfsson.

Fylgiskjal 1.13.**FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN RÁÐSINS (SSUÖ) 2019/285****frá 18. febrúar 2019****um framkvæmd ákvörðunar 2011/486/SSUÖ um þvingunaraðgerðir gegn tilteknum einstaklingum, hópum, fyrirtækjum og rekstrareiningum með tilliti til ástandsins í Afganistan.**

Viðauka við ákvörðun 2011/486/SSUÖ er hér með breytt eins og kemur fram í viðauka við ákvörðun þessa. (Efnisútdráttur.)

VIÐAUKI

[Viðaukinn er birtur á vef Stjórnartíðinda ESB: <http://data.europa.eu/eli/dec/2011/486/2022-02-05>.

Listar yfir aðila, hluti, tækni eða annað viðfang þvingunaraðgerða eru birtir á vef Stjórnartíðinda Evrópu-sambandsins. Síðari breytingar og uppfærslur listanna öðlast sjálfkrafa gildi við birtingu á þeim vefjum, sbr. 3. mgr. 4. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008.

Vefur Stjórnartíðinda Evrópusambandsins er hér: <http://eurlex.europa.eu>.

Heildarlisti yfir aðila sem eru háðir frystingu fjármuna er hér:

https://ec.europa.eu/info/business-economy-euro/banking-and-finance/international-relations/restrictive-measures-sanctions_en#list.

Fylgiskjal 1.14.**ÁKVÖRÐUN RÁÐSINS (SSUÖ) 2022/153****frá 3. febrúar 2022****um framkvæmd ákvörðunar (SSUÖ) 2011/486 um þvingunaraðgerðir gegn tilteknum einstaklingum, hópum, fyrirtækjum og rekstrareiningum með tilliti til ástandsins í Afganistan.**

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um Evrópusambandið, einkum 29. gr.,

með hliðsjón af ákvörðun ráðsins 2011/486/SSUÖ frá 1. ágúst 2011 um þvingunaraðgerðir gegn tilteknum einstaklingum, hópum, fyrirtækjum og rekstrareiningum með tilliti til ástandsins í Afganistan⁽¹⁾,

með hliðsjón af tillögu frá æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Hinn 1. ágúst 2011 samþykkti ráðið ákvörðun 2011/486/SSUÖ.
- 2) Hinn 22. desember 2021 samþykkti öryggisráð Sameinuðu þjóðanna ályktun nr. 2615 (2021) þar sem það lýsti þungum áhyggjum af stöðunni á sviði mannúðarmála í Afganistan, þ.m.t. fæðuöryggi, og minnti á að konur, börn og minnihlutahópar hafa orðið sérstaklega illa úti.
- 3) Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna ákvað í ályktun sinni nr. 2615 (2021) að mannúðaraðstoð og önnur starfsemi sem styður við grunnþarfir fólks í Afganistan brjóti ekki í bága við a-lið 1. mgr. ályktunar öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 2255 (2015), en hvatti jafnframt veitendur hennar, sem reiða sig á ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 2615 (2015), eindregið til að gera eðlilegar ráðstafanir til að lágmarka hvers kyns ávinning af þeim fyrir einstaklinga eða rekstrareiningar sem tilgreindar eru á listanum yfir þá aðila sem sæta þvingunaraðgerðum samkvæmt ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1988 (2011).
- 4) Því ætti að breyta ákvörðun 2011/486/SSUÖ til samræmis við það.
- 5) Frekari aðgerða er þörf af hálfu Sambandsins til þess að hrinda í framkvæmd tilteknum aðgerðum í ákvörðun þessari.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi málsgrein bætist við í 4. gr. ákvörðunar 2011/486/SSUÖ:

„6. Ákvæði 1. og 2. mgr. skulu ekki gilda um meðferð og greiðslu fjármuna, annarra fjáreigna eða efnahagslegs auðs og útvegum vara og þjónustu sem nauðsynleg er til að tryggja að veita megi tímanlega mannúðaraðstoð og sinna annarri starfsemi sem styður við grunnþarfir fólks í Afganistan eða styðja við slíka starfsemi.“

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Gjört í Brussel 3. febrúar 2022.

Fyrir hönd ráðsins,

forseti.

J.-Y. LE DRIAN

(¹) Stjtið. ESB L 199, 2.8.2011, bls. 57.

Fylgiskjal 2.13.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ RÁÐSINS (ESB) 2019/279

frá 18. febrúar 2019

um framkvæmd reglugerðar (ESB) nr. 753/2011 um þvingunaraðgerðir gegn tilteknum einstaklingum, hópum, fyrirtækjum og rekstrareiningum með tilliti til ástandsins í Afganistan.

Viðauka við reglugerð (ESB) nr. 753/2011 er hér með breytt eins og kemur fram í viðauka við ákvörðun þessa. (Efnisútdráttur.)

VIÐAUKI

[Viðaukinn er birtur á vef Stjórnartíðinda ESB: <http://data.europa.eu/eli/reg/2011/753/2022-04-13>.

Listar yfir aðila, hluti, tækni eða annað viðfang þvingunaraðgerða eru birtir á vef Stjórnartíðinda Evrópusambandsins. Síðari breytingar og uppfærslur listanna öðlast sjálfkrafa gildi við birtingu á þeim vefjum, sbr. 3. mgr. 4. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008.

Vefur Stjórnartíðinda Evrópusambandsins er hér: <http://eurlex.europa.eu>.

Heildarlisti yfir aðila sem eru háðir frýstingu fjármuna er hér:

https://ec.europa.eu/info/business-economy-euro/banking-and-finance/international-relations/restrictive-measures-sanctions_en#list.]

Fylgiskjal 2.14.

REGLUGERÐ RÁÐSINS (ESB) 2022/148

frá 3. febrúar 2022

um breytingu á reglugerð ráðsins (ESB) nr. 753/2011 um þvingunaraðgerðir gegn tilteknum einstaklingum, hópum, fyrirtækjum og rekstrareiningum með tilliti til ástandsins í Afganistan.

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 215. gr.,

með hliðsjón af ákvörðun ráðsins 2011/486/SSUÖ frá 1. ágúst 2011 um þvingunaraðgerðir gegn tilteknum einstaklingum, hópum, fyrirtækjum og rekstrareiningum með tilliti til ástandsins í Afganistan(¹),

með hliðsjón af sameiginlegri tillögu frá æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með reglugerð ráðsins (ESB) nr. 753/2011(²) taka gildi þvingunaraðgerðir sem samþykktar eru innan ramma Sameinuðu þjóðanna.

- 2) Hinn 22. desember 2021 samþykkti öryggisráð Sameinuðu þjóðanna ályktun nr. 2615 (2021). Sú ályktun innleiðir einkum nýja undanþágu frá þvingunaraðgerðunum vegna mannúðaraðstoðar og annarrar starfsemi sem styður við grunnþarfir fólks í Afganistan.
- 3) Hinn 3. febrúar 2022 samþykkti ráðið ákvörðun (SSUÖ) 2022/153⁽³⁾ um breytingu á ákvörðun 2011/486/SSUÖ í samræmi við ályktun öryggisráðs SP nr. 2615 (2021).
- 4) Þessar breytingar falla undir gildissvið sáttmálans og því er lagasetning á vettvangi Sambandsins nauðsynleg til að hrinda þeim í framkvæmd, einkum til að tryggja að þeim sé beitt með samræmdum hætti í öllum aðildarríkjunum.
- 5) Því ætti að breyta reglugerð (ESB) nr. 753/2011 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi málsgrein bætist við 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 753/2011:

„4. Ákvæði 1. og 2. mgr. skulu ekki gilda um það þegar nauðsynlegir fjármunir eða efnahagslegur auður eru gerðir aðgengilegir til að tryggja að veita megi tímanlega mannúðaraðstoð og sinna annarri starfsemi sem styður við grunnþarfir fólks í Afganistan eða styðja við slíka starfsemi.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 3. febrúar 2022.

Fyrir hönd ráðsins,

forseti.

J.-Y. LE DRIAN

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 199, 2.8.2011, bls. 57.

⁽²⁾ Reglugerð ráðsins (ESB) nr. 753/2011 frá 1. ágúst 2011 um þvingunaraðgerðir gegn tilteknum einstaklingum, hópum, fyrirtækjum og rekstrareiningum með tilliti til ástandsins í Afganistan (Stjtið. ESB L 199, 2.8.2011, bls. 1).

⁽³⁾ Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2022/153 frá 3. febrúar 2022 um breytingu á ákvörðun 2011/486/SSUÖ um þvingunaraðgerðir gegn tilteknum einstaklingum, hópum, fyrirtækjum og rekstrareiningum með tilliti til ástandsins í Afganistan (Stjtið. ESB L 25, 4.2.2022, bls. 17).